

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI J 1.

Björgunar- og öryggisbúnaður.

EFNISYFIRLIT :

I. KAFLI

Siglingatæki o. fl.

- 1.00. Þjóðfáni.
- 1.01. Alþjóða merkjafánar.
- 2.01. Áttavitar.
- 2.02. Fyrirkomulag áttavita.
- 2.03. Leiðrétting áttavita.
- 2.04. Gerð vökvaáttavita.
- 2.05. Gyró áttavitar.
- 3.01. Sjókort, bækur o. fl.
- 4.01. Sjónaukar.
- 4.02. Vegmælar.
- 4.03. Handlóð.
- 4.04. Bergmálsdýptarmælir.
- 4.05. Miðunarskífur.
- 4.06. Skipsklukkur.
- 4.07. Loftvogir.
- 4.08. Sekstant og sjóúr.
- 5.01. Siglingaljós.
- 5.02. Varaljósker.
- 6.01. Tæki til hljóðmerkja.
- 7.01. Morselampi.

II. KAFLI

Björgunartæki.

- 8.01. Alþjóðasamþykkt.
- 8.02. Línubýssur.
- 8.03. Ljósastarar.
- 8.04. Björgunarbelti.
- 8.05. Björgunarhringur.
- 8.06. Flugeldar.
- 8.07. Fyrirkomulag björgunartækja.
- 8.08. Stigar að björgunarförum.
- 8.09. Barefli til að berja ís.
- 9.00. Björgunarför.
- 9.01. Skilgreiningar.
- 9.01.1. Fastur björgunarbátur.
- 9.01.2. Gúmmibjörgunarbátur.
- 9.01.3. Slöngubjörgunarbátur.
- 9.01.4. Slönguléttbátur.
- 9.02. Kröfur um fjölda björgunarfara.

- 9.02.1. Farm- og farþegaskip, sem falla undir alþjóðasamþykkt.
- 9.02.2. Farmskip 200—500 brl.
- 9.02.3. Farmskip undir 200 brl.
- 9.02.4. Farþegaskip í strandsiglingum.
- 9.02.5 Fiskiskip stærri en 500 brl.
- 9.02.6 Fiskiskip stærri en 500 brl.
- 9.02.7 Fiskiskip stærri en 500 brl.
- 9.02.8. Fiskiskip stærri en 500 brl.
- 9.02.9. Fiskiskip 200—500 brl.
- 9.02.10. Fiskiskip 200—500 brl.
- 9.02.11. Fiskiskip 100—200 brl.
- 9.02.12. Fiskiskip 100—200 brl.
- 9.02.13. Fiskiskip 15—100 brl.
- 9.02.14. Fiskiskip með þilfari minni en 15 brl.
- 10.00. Stærð gúmmíbjörgunarbáta.
- 10.01. Stærð gúmmíbjörgunarbáta.
- 11.00. Önnur skip. Björgunarför.

III. KAFLI

Búnaður björgunarfara.

- 12.00. Búnaður fastra björgunarbáta.
- 12.01. — — —
- 12.02. — — — Undanþága.
- 12.03. — — — Mótorbáta.
- 12.04. — — —
- 12.05. — — — Slökkvitæki.
- 13.00. Búnaður slöngubjörgunarbáta.
- 13.01. — — —
- 13.02. — — —
- 14.00. Búnaður slönguléttbáta.
- 15.00. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta.
- 15.01. — — —

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

- 16.00. Skoðun gúmmíbjörgunarbáta.
- 16.01. — — —
- 16.02. — — —
- 16.03. Skoðunarskýrsla fyrir gúmmíbjörgunarbáta.
- 16.04. Gúmmíbátaverkstæði.
- 17.00. Endurskinsmerki á björgunarbúnaði.
- 17.01. — — —
- 17.02. — — —
- 18.00. Ýmis atriði háð alþjóðareglum.
- 18.01. Smíði björgunarfara.
- Gerð björgunarfara.
- Stærð björgunarfara.
- Merking björgunarfara.
- Sjósetningartæki.
- Björgunarbelti, gerð.

- Björgunarhringur, gerð.
 Lóðsstigar, gerð.
 Bátæfingar.
 Slökkviliðsæfingar.
- 19.00. Lífgunartæki.
 20.00. Handrið á stýrishúsum.
 21.00. Fyrirkomulag öryggisbúnaðar.
 22.00. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja.
 23.00. Viðurkenning öryggistækja.
 24.00. Undanþágur vegna fólksflutninga.
 25.00. Öryggisbúnaður afbrigðilegra fara.

V. KAFLI

Opnir bátar.

- 26.00 Gildissvið.
 27.00 Öryggisbúnaður.
 28.00 Vélbúnaður.
 29.00 Verkfæri.
 30.00 Rafkerfi.
 31.00 Varahlutir fyrir dieselvélar.
 32.00 Varahlutir fyrir bensinvélar.
 33.00 Róðrabátar.
 34.00 Merking.

VI. KAFLI

Aðlögun, refsingar o. fl.

- 35.00 Aðlögun.
 36.00 Refsingar.
 37.00 Gildistaka o. fl.

I. KAFLI

SIGLINGATÆKI OG FLEIRA.

1. gr.

- 1.00. Þjóðfáni.
 Öll skip, önnur en opnir bátar, skulu hafa hæfilega stóran þjóðfána.
- 1.01. Alþjóða merkjafánar.
 Öll skip 250 rúml. og þar yfir skulu hafa alþjóðamerkjaflögg og merkjabók.
 Skip, sem eru 50 rúml. og allt að 250 rúml., skulu hafa alþjóðamerkjafánann, G. = Mig vantar hafnsögumann.

2. gr.

- 2.01. Áttavitar.
 Á skipum stærri en 200 rúml. skulu vera tveir vökvaáttavitar á föstum samastað.
 Á 50—200 rúml. skipum skal vera einn uppsettur vökvaáttaviti og annar til vara, geymdur á öruggum stað. Skal varaáttavitinn vera af sömu gerð og hinn, þannig að fljótlegt sé að koma honum á stað hins fast uppsetta.
 Á skipum undir 50 rúml. með þilfari skal vera einn vökvaáttaviti.

2.02. Fyrirkomulag áttavita.

Fast uppsettum áttavitum skal þannig fyrir komið, að mögulegt sé að leiðrétta þá. Ekki skal hafa handrið úr járni eða stáli nær en 1.2 m frá nátt-húsi; útblástursrör, hljóðkúta, gervi-strompa úr stáli ekki nær en 1.5 m og stálplötur í yfirbyggingu mega ekki vera nær miðri rós áttavitans en 0.60 m. Ekki má hafa áttavita í stýrishúsum úr stáli, nema með leyfi Siglingamála-stofnunar ríkisins. Við uppsetningu áttavita ber að gæta þess, að lina gegnum stýrisstrik og odd sé samhliða langskurðarfleti skipsins. Rafalar, rafmótorar, rafgeymar og önnur rafmagnstæki skulu höfð það langt frá áttavitum, að þau truflí þá ekki, einnig skal gæta þess, að rafmagnsleiðslur í námunda við áttavita hafi ekki truflandi áhrif á þá.

Áttavitar á þilfarsskipum skulu lýstir á viðunandi hátt.

2.03. Leiðrétting áttavita.

Leiðrétting áttavita skal í höndum manna, sem til þess hafa hlotið lög-gildinguna siglingamálástjóra. Leiðrétta skal áttavita að minnsta kosti einu sinni á ári, á íslenskum skipum, auk þess þegar ástæða þykir til vegna viðgerða, breytinga eða farms.

Dæmi áttavitasérfræðingur nýjan áttavita ónýtan, skal hann gera skriflega grein fyrir ákvörðun sinni.

2.04. Gerð vökvaáttavita.

Vökvaáttavitum skal fylgja vottorð viðurkenndra stofnana eða framleiðanda. Skál áttavita, veltiásar og náthús skulu gerð úr efni, sem ekki hefur áhrif á segulnár hans.

Veltiásar skulu vera hornréttir hvor við annan, og línan í gegnum þá á að skerast í lóðréttum ási skálarinnar og skal standoddur áttavitans vera því sem næst í þessum skurðarpunkti.

Stýrisstrikið skal vera greinilegt og skal ekki vera fjær rósarbrúninni en 3 mm. Í áttavitum á þilfarsskipum má rósinn ekki vera minni en 12.7 sm (5"), enda sjáist vel á þá frá stýrisstað.

Þar sem stækkunargler eða speglar eru notaðir við áttavita, skal sá út-búnaður vera þannig, að vel sjáist á að minnsta kosti $\frac{1}{4}$ hluta rósarinnar í einu frá þeim stað, sem staðið er á við stýrið.

Vökvi áttavita skal þola 30° frost á Celsíus, ekki má hann hafa eyði-leggjandi áhrif á áttavitann. Skálin skal þannig gerð, að hún geti tekið við rúmfangsaukningu eða minnkun vökvans við hitabreytingar, án þess að springa eða að loftbólur myndist í áttavitanum. Rós með floti og nálum má ekki vega meira en 12. gr. í vökva, sem er + 15° á Celsíus.

Stýrisstriksskekkja má eigi fara fram úr $\frac{1}{2}^\circ$, skekkja á rós $\frac{1}{4}^\circ$ og skekkja við ásetningu rósar á flot má ekki vera meiri en $\frac{1}{2}^\circ$ og forðast skal að hinar leyfilegu skekkjur séu til sömu handar.

Að öðru leyti skulu vökvaáttavitar fullnægja kröfum þeim, sem fram koma í ISO staðli nr. 2269.

2.05. Gýró-áttavitar.

Í þeim skipum, sem skylt er að hafa tvo vökvaáttavita, má í stað annars þeirra hafa gýró-áttavita, en þá skal vökvaáttavitinn þannig staðsettur og gerður, að hægt sé að sjá á hann frá stýrishjólí skipsins og einnig hægt að nota hann til siglingafræðilegra athugana.

3. gr.**3.01. Sjókort, bækur o. fl.**

Öll skip yfir 12 rúml. skulu hafa rétt sjókort yfir svæði þau, sem fyrir-hugað er að sigla um, enn fremur nauðsynlegar vitaskrár, leiðsögubækur,

spjöld um notkun gúmmibáta fest upp á áberandi stað í skipinu, leiðarvisi um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska, almanak (íslenskt sjómanna-almanak, sé um fiskiskip að ræða) enn fremur eintak af gildandi reglum um eftirlit með skipum, leiðbeiningar um hjálp í viðlögum og siglinga-reglurnar, siglingalögin, sjómannaögin og aðrar reglugerðir og bækur, sem siglingalögin mæla fyrir um.

Skip með miðunarstöð skulu hafa skrá yfir radióvita. Ennfremur skulu vera til nauðsynleg tæki til að seta út í sjókort.

4. gr.

4.01. Sjónaukar.

Einn sjónauki skal vera um borð í skipum frá 12—500 brl. og tveir í stærri skipum.

4.02. Vegmælar.

Skip 50—500 brl. skulu búin einum vegmæli. Má það vera patent-, þrýsti-eða gegnstreymisvegmælir. Stærri skip skulu búin tveim vegmælum og má annar þeirra vera patentvegmælir.

4.03. Handlóð.

Þilfarskip 12 brl. og stærri skulu búin 3—5 kg handlóði með 50 m línu.

4.04. Bergmálsdýptarmælir.

50 brl. skip og stærri skulu búin bergmálsdýptarmæli.

4.05. Miðunarskífur.

Fiskiskip 500 brl. og stærri skulu búin miðunarskífum sömuleiðis farþega- og vöruflutningaskip 200 brl. og stærri.

4.06. Skipsklukkur.

Skip 20—200 brl. skulu hafa minnst eina skipsklukku stærri skip tvær.

4.07. Loftvogir.

Loftvog skal vera í öllum skipum 50 brl. og stærri.

4.08. Sekstant og sjóúr.

Sekstant og sjóúr skulu vera um borð í fiskiskipum 500 brl. og stærri, sömuleiðis í farþega- og vöruflutningaskipum 200 brl. og stærri.

5. gr.

5.01. Siglingaljós.

Öll skip skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau, sem alþjóðasiglinga-reglur gera ráð fyrir, enn fremur hin fyrirskipuðu dagmerki. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera samkvæmt alþjóðasiglingareglum.

5.02. Varaljósker.

Til vara skulu vera eftirtalin ljósker, sem óháð eru ljósavélum skipsins: hliðarljós, toppljós, afturljós, akkerisljós og 2 rauð ljós til að sýna, að skip sé ekki undir stjörn. Undanþegin þessu eru fiskiskip, minni en 50 rúml., enn fremur fiskiskip 50 og allt að 250 rúml., hafi þau fleiri en einn rafal, sem gefið getur orku til siglingaljósa; þó skulu skip í þessum stærðarflokki búin rauðu ljósunum tveimur, sem að ofan getur.

Á öllum skipum frá 5—250 rúml. skal ávallt vera til taks hvítt ljósker, sem gefur frá sér skæra birtu og óháð er ljósavélum skipsins.

Siglingaljós skulu hafa vottorð frá stofnunum viðurkenndum af Siglingamálastofnun ríkisins. Varapera skal vera um borð fyrir hvert ljósker.

6. gr.

6.01. Tæki til hljóðmerkja.

Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja.

7. gr.

7.01. Morselampi.

Öll skip yfir 150 rúml. skulu hafa morselampa, sem nota má jafnt að degi sem nóttu, skal hann ekki eingöngu háður aðalraforku skipsins.

II. KAFLI

Björgunartæki.

8. gr.

8.01. Alþjóðasamþykkt.

Öll íslensk skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu og Ísland er aðili að, skulu fullnægja reglum þeirrar samþykktar og að auki ákvæðum íslenskra reglna.

8.02. Línubysstur.

Öll skip yfir 50 rúml. skulu hafa búin línubysstur með minnst 4 skotum og 4 línur og 2 flothausum. Langdrægi línubysstra skal ekki vera minna en 120 m í skipum 50—250 rúml., en 230 m í stærri skipum. Skotin skulu endurnýjuð á þriggja ára fresti.

8.03. Ljósastarar.

Skip 30 brl. og stærri búin ljóskösturum. Skal langdrægi þeirra, miðað við að lýsing nemi 1 lux á sjónmál vera minnst sem hér segir:

- 30 brl.—100 brl. 450 m.
- 100 brl.—300 brl. 750 m.
- 300 brl. og stærri 1000 m.

8.04. Björgunarbelti.

Í öllum skoðunarskyldum skipum skulu vera björgunarbelti af viðurkenndri gerð fyrir alla um borð.

8.05. Björgunarhringar.

Þar sem línu er krafist við björgunarhringa, skal hún vera 27.5 m löng. Með orðinu „bauja“ í þessu sambandi er átt við sjálfkveikjandi ljós-hylki eða ljós- og reykdúfl. Á olíuflutningaskipum skal vera rafmagnsljós í baujunni. Skip skulu búin björgunarhringum sem hér segir:

Lengd skipsins í metrum	Lágmarkstala bjarghringa	Þar af með línu	Þar af með bauju
6—10 m	1	1	0
10—20 m	2	1	1
20—25 m	3	1	1
25—35 m	4	1	2
35—45 m	5	2	2
45—55 m	6	2	2
55—60 m	7	2	3
60—65 m	8	2	4

Siglingamálastjóri getur krafist fleiri björgunarhringa en að ofan greinir, ef ástæða þykir til.

8.06. **Flugeldar.**

Auk flugelda þeirra, sem eiga að vera í björgunarhátum, skulu skip búin þeim þannig.

Stærð skipsins rúml.	Lágmarkstala rauðra fallhlífarflugelda	Lágmarkstala rauðra handblysa
5—15	3	6
15—30	4	6
30—200	6	6
200—500	8	12
Stærri en 500 og farþegaskip þó minni séu	12	12

Flugeldar skulu endurnýjaðir á þriggja ára fresti.

8.07. **Fyrirkomulag björgunartækja.**

Öllum tækjum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, skal vera þannig fyrir komið um borð í skipunum, að þau mega koma að sem bestum notum, þurfi að gripa til þeirra.

8.08. **Stigar að björgunarförum.**

Ef aðstæður eru þannig, að siglingamálastjóri telur nauðsyn á sérstök-um útbúnaði til þess að komast um borð í björgunarför (stigum eða köðlum), skal slíkur útbúnaður hafður á skipinu.

8.09. **Barefli til að berja ís.**

Togarar og önnur fiskiskip, sem hafa útivist að vetrarlagi á hafsvæðum, þar sem ísingarhætta er fyrir hendi, skulu vera búin minnst 10 öxum eða öðrum hentugum áhöldum til að brjóta með klaka.

9. gr.

9.00. **Björgunarför.**9.01. **Skilgreiningar.**

9.01.1 **Fastur björgunarbátur** er bátur, sem gerður er úr tré, áli, stáli, glertrefjaefni, plasti eða öðru viðurkenndu föstu efni, og, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um smíði og gerð björgunarbáta.

9.01.2 **Gúmmíbjörgunarbátur** er björgunarbátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra til notkunar í íslenskum skipum.

9.01.3 **Slöngubjörgunarbátur** er bátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra.

9.01.4 **Slönguléttbátur** er bátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra.

9.02. **Kröfur um fjölda björgunarfara.**9.02.1. **Farm- og farþegaskip, sem falla undir alþjóðasamþykkt.**

Á íslenskum skipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu nær til og Ísland er aðili að, skulu vera björgunarför þau, sem hún mælir fyrir um, að öðru leyti en því, að skipin skulu búin gúmmíbjörgunarbátum, er rúma samtals alla á skipinu.

9.02.2. **Farmskip 200—500 rúmlestir** skulu hafa tvo fasta björgunarbáta, sinn á hvorri hlið skipsins, og skal hvor um sig rúma alla skipshöfnina. Auk þess skulu þau búin minnst tveimur gúmmíbjörgunarbátum, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.

- 9.02.3. **Farmskip undir 200 rúmlestum** skulu hafa einn fastan björgunarbát, sem rúmar alla skipverja. Ennfremur tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem rúma alla á skipinu að samanlögðu.
- 9.02.4. **Farþegaskip í strandsiglingum**, stærri en 50 rúmlestir, skulu hafa fasta björgunarbáta, sem rúma helming allra á skipinu, ennfremur gúmmíbjörgunarbáta fyrir alla á skipinu. Á litlum farþegaskipum, sem sigla innfjarða (flóabátum) og ferjum, getur siglingamálastjóri veitt undanþágu frá föstum björgunarbátum og leyft annan útbúnað í þeirra stað, svo sem slönguléttbát eða aukinn fjöldi gúmmíbjörgunarbáta.
- 9.02.5. **Fiskiskip stærri en 500 rúmlestir** skulu hafa tvo fasta björgunarbáta, er hvor um sig rúmar alla skipverja, sinn á hvorri hlið skipsins, að viðbættum gúmmíbjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).
- 9.02.6. Eða einn fastan björgunarbát, er rúmar alla skipverja, staðsettann miðskips þannig búinn, að auðvelt sé að setja hann út til beggja hliða skipsins að viðbættum gúmmíbjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).
- 9.02.7. Eða einn slöngubjörgunarbát, sem sjósetja má á báðar hliðar skipsins eða aftur af því, að öðrum kosti tvo. Skal hver bátur rúma alla skipverja.
Einn slönguléttbát, sem rúmar minnst 6 menn og gúmmíbjörgunarbáta sem rúma einum og hálfum sinnum fjölda skipverja.
- 9.02.8 Þegar um er að ræða skip, sem að mati siglingamálastjóra eru þannig úr garði gerð, að staðsetning og notagildi fastra björgunarbáta eða slöngubjörgunarbáta sé þannig, að augljóst er að þeir mundu ekki koma að því gagni sem ætla verður, skulu þau, auk slönguléttbáts, sem rúmar minnst 6 menn, búin minnst 4 gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma tvöfaldan fjölda skipverja að minnsta kosti, miðað við hvílufjölda á skipinu. Skal hver bátur rúma minnst 10 menn. Staðsetning bátanna og undirstöður þeirra skulu samþykktar af siglingamálastjóra hverju sinni.
- 9.02.9. **Fiskiskip 200—500 rúmlestir** skulu hafa fastan björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja. Sé um tvo báta að ræða, skulu þeir staðsettir sinn á hvorri hlið skipsins, ef einn, skal hann svo búinn, að setja megi hann út til beggja hliða skipsins. Tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.
- 9.02.10. Eða tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma tvöfaldan fjölda skipverja (200% skipverja). Slönguléttbát með árum og ræðum, sem rúmar minnst 5 menn eða góðan vinnubát.
- 9.02.11. **Fiskiskip 100—200 rúmlestir** skulu hafa fastan björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja, en auk þess gúmmíbjörgunarbát eða báta fyrir alla skipverja.
- 9.02.12. Eða tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja.
- 9.02.13. **Fiskiskip 15—100 rúmlestir** skulu hafa tvo gúmmíbáta, sem að samanlögðu rúma tvöfaldan fjölda skipverja.
- 9.02.14. **Fiskiskip með þilfari minni en 15 rúmlestir** skulu búin gúmmíbjörgunarbát, sem rúmar alla skipverja.

10. gr.

10.00. Stærð gúmmíbjörgunarbáta.

10.01. Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum, sem eru stærri en 15 rúmlestir, og ekki stærri en 12 manna í skipum undir 200 rúmlestum.

11. gr.

11.00. Önnur skip.

Skip, sem falla ekki undir ofangreinda flokka, skulu búin björgunarförum sem farm- eða fiskiskip af sömu stærð, en séu vandkvæði á þessu ákveður siglingamálastjóri hverju sinni, hvernig þau skulu búin bátum.

III. KAFLI

Búnaður björgunarfara.

12. gr.

12.00. Búnaður fastra björgunarbáta.

- 12.01. 1. Árar í öll ræði, tvær varaárar og ein stýrisár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við bátinn og eitt vararæði fyrir hver tvö ræði, einn krókstjaki.
2. Tvær neglur fyrir hvert neglugat, skulu þær bundnar við björgunarbátinn með taug eða keðju (neglur eru ekki notaðar, þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað), austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
3. Stýri með stjórnveli.
4. Tvær axir, sín í hvorum enda bátsins.
5. Ljósker með ljósmeti, sem nægir í 12 klukkustundir, tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.
6. Sigla eða siglur með zinkuðum vírstöngum og rauðgulum seglum.
7. Góður áttaviti í áttavitaskýli með ljósi.
8. Líflína meðfram hlið bátsins.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð.
10. Tvær nægilega langar bátsfestar. Önnur þeirra skal fest við framstafn bátsins með lykkju og þolli, svo að auðvelt sé að leysa hana, en hin skal bundin við framstefnið og jafnan tiltæk.
11. Bárufleygur, sem tekur 4½ lítra af oliu eða lýsi, skal svo gerður, að innihaldið geti auðveldlega dreifst yfir sjávarflötinn og honum skal svo fyrir komið, að hægt sé að binda hann við rekakkerið.
12. Matarskammtur, viðurkenndur af siglingamálastjóra fyrir hvern mann, sem báturinn rúmar. Matinn skal geyma í loftþéttum ílátum og þau höfð í vatnsþéttu hylki.
13. Vatnsþétt ílát, sem tekur 3 lítra af drykkjarvatni á mann eða ílát, sem tekur 2 lítra af drykkjarvatni á mann ásamt viðurkenndu seltueyðingar-tæki, sem getur framleitt einn lítra af drykkjarvatni á mann, ryðfrí ausa í taug og ryðfritt drykkjarílát með mælistikum.
14. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys, hvort tveggja af viðurkenndri gerð.
15. Tvö flothæf reykmærki (til dagnota) af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér rauðgulan reykv.
16. Viðurkenndur útbúnaður, sem menn geta haldið sér í, ef báti hvolfir, annað hvort veltikjölur, kjalarhandföng, líflína strengd undir kjöl milli borðstokka, eða annar viðurkenndur útbúnaður.
17. Lyfjaskrín nr. 6, sem skoðist í lyfjabúð hvert ár.
18. Vatnsþétt vasaljós, sem nota má til merkjagjafa á morse, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
19. Merkjaspigill af viðurkenndri gerð til dagnota.
20. Hnífur með dósaskera, festur í bátinn.
21. Tvær grannar flot-kastlínur.
22. Handdæla af viðurkenndri gerð.

- 23. Hagkvæm geymsla fyrir ýmislegt smávegis.
- 24. Flauta eða annað til hljóðmerkjagjafa.
- 25. Fiskilína með tilheyrandi sökkum og önglum.
- 26. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit, til varnar gegn kulda og vætu.
- 27. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
- 12.02. Siglingamálastjóri getur gefið undanþágu frá því, sem krafist er í 6., 12., 19., 25., og 26. tölulið hér að framan, sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hans, að ónauðsynlegt megi teljast.
- 12.03. Í mótorbjörgunarbátum er ekki skylt að hafa seglbúnað og árar mega vera helmingi færri en að ofan greinir, en krókstjakar skulu vera tveir.
- 12.04. Allir björgunarbátar skulu þannig útbúnir, að komist verði um borð í þá úr sjó.
- 12.05. Í hverjum mótorbjörgunarbát skal vera þurrduftsslökkvitæki eða annað jafn gott til að slökkva olíuelda.

13. gr.

13.00. **Búnaður slöngubjörgunarbáta.**

- 13.01. 1. Eitt sett af árum, sem fljóta, tvær varaárar og ein stýrisár, eitt sett af ræðum og stýrisræði vel fest við bátinn.
- 2. Krókstjaka með kúlu á endanum.
- 3. Tvær neglur á hvert neglugat (ekki þörf á neglum, þar sem sjálfvirkir ventlar eru) vel fastar við bátinn.
- 4. Svampur, austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
- 5. Líflína utan um bátinn ofarlega en í bogum og eins að innan verðu, ásamt griplínu frá borðstokk að borðstokk undir kjöl eða annar viðurkenndur útbúnaður.
- 6. Lampi með olíu fyrir 12 tíma notkun.
- 7. Tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.
- 8. Góður áttaviti í húsi, lýstur á viðunandi hátt.
- 9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.
- 10. Tvær nægilega langar og sterkar bátsfestar. Önnur skal fest við bátinn að framan með lykkju og bolli, svo að hún sé losanleg í skyndi, en hin skal tryggilega fest í stefni bátsins og tilbúin til notkunar.
- 11. Báruflevgur með 4.5 lítra af lýsi eða feitissolíu og svo gerður, að hann dreifi innihaldinu auðveldlega á yfirborð sjávarins og hann skal vera vel festanlegur við rekakkerið.
- 12. Fiðgur fallhlífarblys af viðurkenndri gerð sem gefa frá sér skærrauð ljós hátt upp; sex neyðar-handblys af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér skærrauð ljós.
- 13. Tvö flothæf revkblys af viðurkenndri gerð (til dagnota) er gefa frá sér rauðgulan reyk.
- 14. Vatnsbétt lyfjaskrín nr. 6, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
- 15. Vatnsbétt vasaljós, sem gefa má morse-merki með, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsbéttum umbúðum.
- 16. Merkjaspegill af viðurkenndri gerð til dagnota.
- 17. Öryggishnífur bundinn við bátinn.
- 18. Tvær léttar kastlínur, flothæfar.
- 19. Flauta eða íafngilt tæki til hljóðmerkja.
- 20. Viðurkenndur radarspegill.
- 21. Fiskilína með önglum og sökkum.
- 22. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit til varnar gegn kulda og vatni.

23. Leiðarvisir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
 24. Leiðbeiningar um hvernig lifa megi af dvöl í slöngubjörgunarbáti.
 25. Viðurkennt viðgerðarsett til viðgerðar á lofthólfum.
 26. Lofthanddæla.
 27. Loftþrýstimælir.
 28. Útbúnaður, er auðveldar manni í sjónum að klifra um borð.
 29. Útbúnaður til dráttar bátsins.
 30. Matarskammtar með minnst 8000 fæðueiningar á hvern mann, er báturinn á að bera, sem geymist í loftþéttum umbúðum í vatnspéttum kassa.
 31. Vatnspétt ílát með 3 lítra af vatni á mann eins og báturinn á að bera eða vatnspétt ílát með 2 lítra af fersku vatni á mann ásamt viðurkenndu tæki að vinna vatn úr sjó, er gefur 1 lítra á mann og ryðfrítt drykkjarílát í bandi og skammtara.
 32. Þrjá dósaopnara.
- 13.02. Siglingamálastjóri getur gefið undanþágu frá því, sem krafist er í 16., 20., 29., og 30. tölulið hér að framan, sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hans, að ónauðsynlegt megi teljast.

14. gr.

14.00. Búnaður slönguléttbáta.

1. Minnst 4 léttar árar.
2. Negla, ef nauðsynleg. föst við bátinn.
3. Austurtrog og 2 svampar.
4. Liflína í bugðum í hring utan um bátinn og eins að innanverðu.
5. Ræði eða ræðislykkju á þvergaflinum, þar sem hentar.
6. Tvær bátslínur með viðeigandi lengd og styrk.
7. Tveir flothæfir kasthringar með 30 m langri flotlínu.
8. Rekakeri af viðurkenndri stærð með línu með nægilegan styrk og lengd.
9. Vatnspétt vasaljós, sem gefa má morse-merki með ásamt vararahlöðum og peru í vatnsheldum umbúðum.
10. Öryggishnífur.
11. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
12. Viðgerðarsett fyrir lofthólfin í hentugum umbúðum.
13. Lofthanddæla.
14. Viðurkennt leitarljós, nema Siglingamálastofnun ríkisins meti merkjalampa til dagnota nægilegan.

15. gr.

15.00. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta.

1. Flothæfur kasthringur með 30 m langri flotlínu að minnsta kosti.
2. Gúmmíbjörgunarbátar fyrir færri en 6 menn skulu búnir einum hníf og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
3. Tveir svampar.
4. Tvö rekakeri, öðru skal varanlega fest við gúmmíbátinn, hitt til vara.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til þess að gera við leka á lofthólfum.
7. Lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta á bátunum til þess að bæta á þá lofti, ef með þarf og dæla upp tvöfaldan botninn.
8. Þrjú dósaahnífar.

9. Lyfjaskrín nr. 6 í vatnspéttum umbúðum, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
 10. Ryðfritt drykkjarilát með mælistrikum.
 11. Vatnspétt vasaljós hæft til morse-sendinga, ásamt einni varahlöðu og varaperu í vatnsheldum umbúðum.
 12. Spegill og blístra til merkjagjafa.
 13. Tveir fallhífarflugeldar af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós í mikilli hæð.
 14. Sex handblys af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós.
 15. Handfæri.
 16. Matarskammt fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, með „Verkade“ matarskammti eða öðrum viðurkenndum matvælum, sem ekki eru þorstaaukandi og skulu þau hafa inni að halda minnst 2 200 hitaein-
einingar á hver 453 gr. Enn fremur 1/6 kg kandísykur eða álíka hentug
sykurtegund.
 17. Þétt ilát, sem að samanlögðu rúmar 1½ l af vatni fyrir hvern mann, sem
báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins, má koma
hentugt seltueyðingartæki, sem getur framleitt sama magn af drykkjar-
vatni.
 18. Sex sjóveikistöflur fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera.
 19. Notkunarreglur á íslensku í vatnsheldum umbúðum eða prentuð á efni,
sem þolir vætu, skulu vera í gúmmibátnum.
 20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgunarsveitir.
 21. Einn varmapoki fyrir hvern mann.
- 15.01. Þegar um farþegaskip er að ræða í svo stuttum ferðum, að allur búnaður
sá sem upp er talinn í lið 15.00, þessarar greinar þykir ónauðsynlegur að álit
siglingamálastjóra er honum heimilt að leyfa, að einn eða fleiri gúmmibátar,
þó ekki færri en einn sjötti hluti þeirra, sem um borð eru, séu aðeins
búnir því, sem tekið er fram í töluliðum 1—7, 9 og 19 hér að ofan og helmingi
þess, sem getið er í töluliðunum 13 og 14. afgangur gúmmibátanna skal búinn
því, sem tekið er fram í töluliðum 1—7 og 19.

V. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI.

16. gr.

- 16.00. Skoðun gúmmibjörgunarbáta.
- 16.01. Gúmmibjörgunarbátar skulu skoðaðir minnst einu sinni á ári af mönnum, sem
hlotið hafa viðurkenningu siglingamálastjóra til starfsins. Þessum mönnum
einum er heimilt að annast skoðun og viðgerðir bátanna og er þeim skylt að
fylgja nákvæmlega fyrirmælum framleiðenda þeirra og siglingamálastjóra.
- 16.02. 1. Athugað skal, hvort nokkuð síái á bátsbúðinni:
2. Hleypt skal lofti í hátinn þar til brýstingurinn verður 2 lbs. á ferþumlung.
Ekki má brýstingurinn fara undir 1.75 lbs. á ferþumlung eftir að bátur-
inn hefur staðið eina klukkustund uppblásinn.
3. Reynist báturinn óþéttur, samkvæmt 2. tl. skal gert við lekann.
4. Síðan skal brýstiprófun endurtekin.
5. Loftflaska skal athuguð og vegin, sé hún með hettu, þá án hennar.
Loftflöskur skulu að jafnaði þrýstireyndar á 10 ára fresti að minnsta
kosti með 235 kg þrýstingi á fersentimetra, en telji skoðunarmaður ástæðu
til að loftflöskur séu þrýstireyndar sökum áverka, ryðmyndunar
eða af öðrum ástæðum skal það gert án tillits til ofangreindra tímamarka.

Dagsetning þrýstiprófunar skal sett á flöskurnar. Við þrýstiprófun skal gengið úr skugga um að flöskurnar séu ekki ryðgaðar, hvorki að utan né innan.

6. Allur búnaður bátsins, laus og fastur, skal vandlega yfirfarinn og sé nokkru ábótavant skal úr því bætt. Flugeldar og blys skulu endurnýjuð á þriggja ára fresti. Lyfjaskrín bátanna skal yfirfarið af lyfjafræðingi annað hvert ár.
 7. Sérstaklega skal vandað til þökkunar bátanna og farið að fyrirætlum hvers framleiðanda í þeim efnum.
- 16.03. Að lokinni skoðun bátanna, útfyllir skoðunarmaður skýrslu Siglingamálastofnunarinnar um skoðunina í þrítíti. Heldur skoðunarmaður einu eintaki, annað eintak skal afhent skipstjóra til varðveislu og þriðja eintakið skal afhent Siglingamálastofnuninni.
- 16.04. Gúmmibátaverkstæði.
Húsrými það, sem notað er til skoðunar og viðgerða gúmmibjörgunarbáta, er háð eftirliti og viðurkenningu siglingamálastjóra.

17. gr.

- 17.00. Endurskinsmerki á björgunarbúnaði.
- 17.01. Eftirtalin björgunartæki skulu búin viðurkenndum endurskinsmerkjum til að auðvelda leit af sjó og úr lofti:

Björgunarbátar, slöngubátar, gúmmibjörgunarbátar, hjargbelti og hjarghringir.

Á báðar hliðar björgunarbáta skal upp við borðstokk, með 50 cm. millibili, fest endurskinsmerkjum sem eru 5 cm. breið og 30 cm. löng að minnsta kosti, samskonar merkjum skal komið fyrir ofan á borðstokk. Nægilegt er að hafa 4 merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum, sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og 3 á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum, skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

Tjaldlausir slöngubátar skulu búnir 2—4 slíkum merkjum á hvorri hlið, þannig að sjáanleg eru af sjó og úr lofti, sé á þeim hlífðartjald, skal á það límdur kross eins og ofan greinir.

Gúmmibjörgunarbátar, 10 manna og stærri, skulu búnir minnst 8 endurskinsmerkjum á tjaldi, þannig að best megi sjást af sjó og úr lofti minni bátar 6 merkjum.

Að auki skulu 4 slík merki límd í kross á tjaldtopp og botn allra gúmmibjörgunarbáta.

Stærð hvers endurskinsmerkis skal ekki vera minni en 5x30 cm.

Á hjargbeltum, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu vera 4 endurskinsmerki, 5x15 cm. að stærð, á hvorri hlið beltisins, eða 6 merki 5x10 cm að stærð.

Hjarghringir skulu búnir 4 endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringinn með jöfnu millibili.

18. gr.

- 18.00. Ýmis atriði háð alþjóðareglum.
- 18.01. Um smíði, gerð, stærð, merkingu og sjósetningartæki björgunarfara, skal farið að reglum alþjóðasamþykktá, sem Ísland er aðili að, sömuleiðis um gerð björgunarbelta og hringa, lóðsstiga, báta- og slökkviliðsæfingar.

19. gr.

19.00. Lífgunartæki.

Í hverju fiskiskipi með þilfari skal vera tæki til lífgunar úr dauðadái af viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslensku.

20. gr.

20.00. Handrið á stýrishúsum.

Séu gúmmíbjörgunarbatár geymdir á þaki stýrishúss, skal á því vera handrið, ef við verður komið, 80 cm hátt að minnsta kosti. Á bátum, sem eru minni en 30 brl, má handrið þetta vera einn stálvír strengdur milli stoða, sem festar eru á þak hússins með 1.5 m millibili í hæsta lagi. Tillit skal tekið til staðsetningar áttavita við val efnis í stoðirnar.

21. gr.

21.00. Fyrirkomulag öryggisbúnaðar.

21.01. Öllum öryggisbúnaði skal þannig fyrir komið um borð í skipum að þau séu vel aðgengileg, þurfi að grípa til þeirra.

21.02. Ber skipstjóra að sjá svo um að skipverjum sé leiðbeint um notkun tækjanna og kynnt staðsetningu þeirra.

22. gr.

22.00. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja.

22.01. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem línubyssu, flugelda, slökkvitækja o. fl. skulu vera á íslensku og/eða með skýrum myndtextum.

Hver sá, sem selur slík tæki, ber ábyrgð á, að þessu sé framfylgt, þannig að fullnægjandi sé að mati siglingamálastjóra.

23. gr.

23.00. Viðurkenning öryggistækja.

23.01. Öll björgunartæki eru háð viðurkenningu siglingamálastjóra.

Viðurkenning er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna hennar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

24. gr.

24.00. Undanþágur vegna fólksflutninga.

24.01. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um er að ræða flutning á sjómönnum eða verkafólki til og frá verstöðvum, eða einstakar hópferðir, getur siglingamálastjóri gert vægari kröfur til farþegarýmis og skipsbúnaðar en krafist er í reglum. Skal þá undanþágan gefin skrifleg fyrir hverja einstaka ferð.

25. gr.

25.00. Öryggisbúnaður afbrigðilegra fara.

Þegar um er að ræða pramma, vinnubáta á höfnum inni, grafvélar og önnur afbrigðileg fôr, ákveður siglingamálastjóri hverju sinni, hvernig öryggisbúnaði skuli háttað.

V. KAFLI OPNIR BÁTAR.

26. gr.

26.00. Gildissvið.

Þessi kafli tekur til opinna báta, 6 m og lengri, annarra en skemmtibáta.

27. gr.

27.00. Öryggisbúnaður.

1. Vökvaáttaviti af viðurkenndri gerð.
2. Björgunarvesti fyrir alla um borð.
3. Bárufleygur.
4. Björgunarhringur eða flothæfur kasthringur með 25 m línu.
5. Eitt 2 kg þurrduftsslökkvitæki ABC, en tvö, ef eldunaraðstaða er í vistarverum.
6. Föst handdæla, hvort sem báturinn er búinn véldælu eða ekki.

Lengd bátsins í metrum	Afköst handdælu í 1 við hvert dæluslag	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
6—7	0.7	1.0
7—10	0.9	1.25

Sé báturinn búinn skilmrúmunum án austurrása, skal vera hægt að dæla úr hverju rými fyrir sig.

7. Austurtrog eða skjóla.
8. Rekakkeri með hanafæti, segulnagla og 25 m taug með 1 000 kg brotþoli. Lengd akkeris 1.20 m, stærra þvermál 0.60 m og minna þvermál 0.18 að minnsta kosti.
9. Legufæri og festar skv. reglum nr. 64/1979, hluti J 9.
10. Siglinga- og fiskiljós skv. alþjóðareglum.
11. Sigla og hæfilega stór segl, tvær árar, nema báturinn sé þannig gerður, að honum verði hvorki siglt eða róið, en þá skal hann búinn metrabylgjutalstöð (VHF) eða neyðarbylgjutalstöð á bylgjulengdinni 2182 kHz.
12. Lyfjaskrín nr. 1.
13. Vatnshelt vasaljós.
14. Þokulúður eða flautu.
15. Þrjú rauð handblys.
16. Radarspegill, 25 cm að þvermáli, að minnsta kosti.
17. Æskilegt er að opnir bátar séu búnir gúmmibjörgunarbát af viðurkenndri gerð eða öðru hentugu fleytitæki.

28. gr.

28.00. Vélbúnaður.

- 28.01. Um vélbúnað opinna báta skal farið eftir reglum um smíði og búnað skemmtibáta nr. 450/1978, 4. gr.

29. gr.

29.00. Verkfæri.

1. Hamar.
2. 2 skiptilyklar og nauðsynlegir fastir lyklar.
3. Töng.
4. Þjöl.
5. Meitill.
6. 2 skrúfjárn.

30. gr.

30.00. Rafkerfi.

- 30.01. Um rafkerfi opinna báta, 12 m og styttri, miðað við mestu lengd, skal farið að reglum um smíði og búnað skemmtibáta nr. 450/1978, 5. gr.
- 30.02. Séu bátar hinsvegar lengri en 12 m, skal rafkerfi þeirra fullnægja ákvæðum reglna um raforku og raflagnir nr. 28/1977.

31. gr.

31.00. Varahlutir fyrir dieselvélar.

1. Eldneytisloki tilbúinn til notkunar.
2. Eldneytisrör frá dælu að loka, eitt af hverri gerð.
3. Eina síu fyrir hverja, sem er við vélina.
4. Viðgerðarsett fyrir oliufordælu, sjódælu og hringrásardælu.
5. Ein reim af hverri gerð.
6. Ein hosa af hverri gerð, ásamt hosuklemmum.
7. Tveir keðjulásar.

Sé vélin ekki búin einhverju af ofangreindu, falla viðkomandi varahlutir niður.

32. gr.

32.00. Varahlutir fyrir bensínvélar.

Auk varahluta þeirra, sem nefndir eru í 31. gr. tl. 3, 4, 5, 6, 7, skulu vera fyrir hendi eitt sett af kertum, platinum og eitt kveikjulok.

33. gr.

33.00. Róðrabátar.

Róðrabátar eru undanþegnir þessum reglum að því frátöldu, að þeir skulu merktir á sama hátt og vélbátar og hafa árar í öllu ræði, austurtrog, vatnspétt vasaljós og björgunarbelti fyrir alla um borð.

34. gr.

34.00. Merking.

Bátar skulu merktir eins og segir í reglum um merkingu skipa, nr. 331/1978, að auki skulu þeir merktir bókstafnum B og skráningarnúmeri fyrir aftan.

VI. KAFLI

Aðlögun, refsingar o. fl.

35.00. Aðlögun.

35.01. Grein 8.03 um ljóskastara gildir aðeins um ný skip og nýja ljóskastara í gömul skip.

35.02. Heimilt skal skipum, sem ennþá eru búin venjulegum flugeldum með stöng, að halda þeim til þriggja ára aldurs. (Sjá grein 8.06).

35.03. Fjölgun gúmmibjörgunarbáta samkvæmt greinum 9.02.10 og 9.02.13 skulu fara fram við fyrstu skoðun skipa eftir 1. júní 1981, í síðasta lagi.

36.00. Refsingar.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

37.00. Gildistaka o. fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eftirtaldir reglur:

- 1) Reglur um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B. nr. 14/1962.
- 2) Reglur um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B. nr. 32/1963.
- 3) Tilskipun um reglur um sérstök ljósmerki fyrir fiskiskip að veiðum með herpinót og kraftblökk. Stj.tíð. A. nr. 91/1965.

- 4) Reglur um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B nr. 264/1969.
- 5) Reglur um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B. nr. 182/1971.
- 6) Reglur um endurskinsmerki á björgunarbúnaði íslenskra skipa. Stj.tíð. B. nr. 350/1976.

Samgönguráðuneytið, 4. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfrur Ingólfsson.

11. ágúst 1980.

Nr. 425.

REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

1. gr.

Frá útgáfu reglugerðar þessarar þar til annað verður ákveðið eru íslenskum skipum, öðrum en þeim er frá greinir í 2. gr., bannaðar allar loðnuveiðar.

2. gr.

Frá 5. september 1980 þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárn.:	Leyfilegt aflamagn:
Albert GK 31	1046	11 500
Arnarnes HF 52	1020	11 300
Ársæll KE 17	965	10 100
Bergur VE 44	968	10 700
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	16 100
Börkur NK 122	1293	16 100
Dagfari ÞH 70	1037	10 800
Eldborg HF 13	1525	20 100
Fifill GK 54	1048	11 600
Gigja RE 340	1011	12 600
Gisli Árni RE 375	1002	11 600
Grindvíkingur GK 606	1512	15 400
Guðmundur RE 29	1272	14 300
Gullberg VE 292	1401	11 500
Hafrún ÍS 400	1050	11 800
Harpa RE 342	1033	11 900
Hákon ÞH 250	1059	13 100
Helga II RE 373	1018	11 000
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	12 700
Hilmir SU 171	1551	17 700
Hilmir II SU 177	1044	11 200
Hrafn GK 12	1006	12 000
Huginn VE 55	1411	11 500
Húnaröst ÁR 150	1070	11 800
Ísleifur VE 63	1056	10 000